

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hörðuvalla/Reykðalsreits.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 29. ágúst 2007 breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla/Reykðalsreits í Hafnarfirði. Breytingin felst í að á svæði JM-Hringbraut er búið að fjarlægja eldri byggingu og þar verður staðsettur gervigrasvöllur og jafnframt breytist lega göngustíga. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 19. nóvember 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 3. desember 2007